

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 70/2021

frá 5. febrúar 2021

um breytingu á XIX. viðauka við EES-samninginn (Neytendavernd)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/770 frá 20. maí 2019 um tiltekna þætti varðandi samninga um afhendingu á stafrænu efni og stafrænni þjónustu ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/771 frá 20. maí 2019 um tiltekna þætti varðandi samninga um sölu á vörum, um breytingu á reglugerð (ESB) 2017/2394 og tilskipun 2009/22/EB og um niðurfellingu tilskipunar 1999/44/EB ⁽²⁾.
- 3) Reglugerð (ESB) 2019/771 fellir úr gildi, frá og með 1. janúar 2022, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/44/EB ⁽³⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum frá og með 1. janúar 2022.
- 4) XIX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Viðauka XIX. við EES-samninginn verður breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 7d (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/22/EB) og lið 7f (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2017/2394):

„– **32019 L 0770**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/770 frá 20. maí 2019 (Stjtið. ESB L 136, 22.5.2019, bls. 1),

– **32019 L 0771**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/771 frá 20. maí 2019 (Stjtið. ESB L 136, 22.5.2019, bls. 28).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 136, 22.5.2019, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 136, 22.5.2019, bls. 28.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 171, 7.7.1999, bls. 12.

2. Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 7l (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2302):

„7m. **32019 L 0770**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/770 frá 20. maí 2019 um tiltekna þætti varðandi samninga um afhendingu á stafrænu efni og stafrænni þjónustu (Stjtið. ESB L 136, 22.5.2019, bls. 1).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Skilja ber vísanir til laga Sambandsins sem vísanir til EES-samningsins.

7n. **32019 L 0771**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/771 frá 20. maí 2019 um tiltekna þætti varðandi samninga um sölu á vörum, um breytingu á reglugerð (ESB) 2017/2394 og tilskipun 2009/22/EB og um niðurfellingu tilskipunar 1999/44/EB (Stjtið. ESB L 136, 22.5.2019, bls. 28).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Skilja ber vísanir til laga Sambandsins sem vísanir til EES-samningsins.“

3. Texti liðar 7e (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/44/EB) fellur brott frá 1. janúar 2022.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipana (ESB) 2019/770 og (ESB) 2019/771, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 172/2019 frá 14. júní 2019 ⁽⁴⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽⁴⁾ Verður birt.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.

ÓOPINBER ÞÝÐING